## Kvennalistinn vill:

- ***fjölbreytt, skemmtilegt, skapandi og ögrandi menningarlíf,***
- ***að mótuð verði menningarstefna af hálfu ríkisins,***
- ***auka hlut kvenna við stjórnun og mótun menningarlífsins,***
- ***endurskoða starfsemi menningarstofnana ríkisins og þau lög sem um þær gilda,***
- ***efla listmenntun í skólum og meðal almennings,***
- ***að unnið verði markvisst að uppbyggingu nýs listaháskóla,***
- ***að byggt verði tónlistarhús,***
- ***að virðisaukaskattur á bækur og tímarit verði felldur niður.***

***Bókaskattinn burt - Öflugri listmenntun - Nýjan tónlistarsal - Auðugri menningu***

## Veist þú að...

Íslendingar veita minnstu fjármagni allra Norðurlandaþjóða til menntamála miðað við landsframleiðslu.

*Útgjöld til menntamála á Norðurlöndum sem % af landsframleiðslu*




KVENNALISTINN


Komdu og kynnstu okkur.
Kvennalistinn hefur skrifstofur í öllum kjördæmum landsins.
Leitaðu upplýsinga hjá Samtökum um Kvennalista í síma:
551 3725 í Reykjavík.

Við erum á Internetinu.
Netfangið er:
kvennalistinn@skima.is


**FRAMTÍÐARSÝN KVENNALISTANS**

# *Mennta- og menningarmál*

***Vertu með – veldu V***

KVENNALISTINN

# VILT ÞÚ BETRI SKÓLA

# Vilt þú betri skóla?

## Menntun – *lykill að betri framtíð*

Góð menntun fyrir alla er undirstaða velfarnaðar og besta svarið við síbreytilegum heimi. Við verðum að ganga til móts við framtíðina með öflugt menntakerfi sem tekur mið af þörfum beggja kynja og kennir okkur að lifa í sátt við umhverfið.

Íslenskt skólakerfi byggir á gömlum grunni, en hann þarf að treysta. Stefnubreytingar er þörf í menntamálum.

Íslendingar eru í hópi þeirra Evrópuþjóða sem verja minnstu fé til skólamála. Á þessu kjörtímabili hafa framlög til skólamála verið skorin niður um 2000 milljónir króna.

***– kennsla grunnskólabarna hefur minnkað,***
***– framhaldsskólarnir geta ekki byggt upp nauðsynlega starfs- og verkmenntun,***
***– laun kennara eru mun lægri hér á landi en í nágrannalöndum okkar,***
***– skólar á háskólastigi hafa verið sveltir svo sárlega að gæðum námsins er stefnt í hættu,***
***– námsmönnum hefur verið gert mun erfiðara að taka námslán,***
***– of mörg börn eiga í vandræðum með líf sitt og nám,***
***– skólakerfið tekur ekki mið af mismunandi þörfum stráka og stelpna og ýtir ekki nægjanlega undir stelpurnar,***
***– náms- og starfsval kvenna er alltof einhæft.***

***Þessu þarf að breyta***

# Kvennalistinn vill:

***– að mótuð verði heildstæð menntastefna sem nær til allra skólastiga,***
***– að kjör kennara verði stórbætt,***
***– tryggja jafnrétti til náms,***
***– að menntun verði forgangsmál í íslensku samfélagi,***
***– að stóraukin áhersla verði lögð á skapandi hugsun, starfs- og verkmenntun,***
***– að skólakerfið taki mið af þörfum beggja kynja.***

***Menntun á að vera forgangsmál***

***Vilt þú betri skóla? Vertu þá með okkur***

KVENNALISTINN

***Kjóstu Kvennalistann!***

# Menning

## *– fyrir þig*

Veistu að miklu fleiri sækja menningarviðburði hér á landi heldur en fótbolta- eða handboltaleiki?
Veistu að þúsundir ungmenna eru í listnámi meðfram venjulegu skólanámi?
Veistu að allur almenningur stundar fölbreytt menningarlíf hér á landi í mun ríkara mæli en fólk annars staðar í Evrópu, bæði sem þátttakendur og áheyrendur.

Íslensk menning og alls konar menning er hluti af daglegu lífi okkar. Framtíð og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar er ekki síst undir því komin að hún efli menningu sína og tungu og þekki sögu sína. Hvers kyns sköpun gerir mannlífið skemmtilegra og auðugra.

Menningarlífið þarf stuðning og við hljótum að gera þá kröfu að það spegli fjölbreytileika mannlífsins, veröld karla, kvenna og barna. Menning blómstar ekki með valdboði eða miðstýringu heldur á hún að einkennast af valddreifingu og virkni.

Skilgreina þarf hlutverk ríkisins í menningarmálum upp á nýtt, móta menningarstefnu, endurskoða störf og stefnu listastofnana ríkisins og þau lög sem um þær gilda, m.a. í því skyni að auka valddreifingu og tryggja áhrif kvenna.